

2. FUNDUR FISKSJÚKDÓMANEFNDAR ÁRSINS 2018

--- Fundargerð ---

Mættir: SD, ÁK, GME, GG, JP, SG og GJ.

(RPM boðaði forföll og kom Guðni Guðbergsson sem hennar varamaður.

Sigríður Gísladóttir tók einnig þátt í síma frá Ísafirði).

1. SD setti fund kl. 13⁰⁰ í nýjum húsakynnum Matvælastofnunar að Dalshrauni 1B í Hafnarfirði. Aðeins eitt formlegt erindi var á dagskrá sem borið var upp til umræðna og lokaafgreiðslu.

2. Þann 3. sept. sl. barst erindi frá Bernharð Laxdal, dýralækni hjá Fish Vet Group fyrir hönd Arnarlax hf., þar sem farið er fram á undanþágu til notkunar á fódri sem blandað er sníkjudýralyfinu Emamectine benzoate (Slice) í lax sem alinn er í sjókvíum við Steinanes í Arnarfirði. Samdægurs fór eftirlitsdýralæknir fisksjúkdóma í vettvangsskoðun og gaf í kjölfarið skýrslu til yfirdýralæknis og fisksjúkdómanefndar þar sem stöðu mála er lýst. Í upphafi fundar fór skýrsluhöfundur yfir stöðu og þróun laxalúsar (*Lepeophtheirus salmonis*) við Steinanes, með áherslu á ástand eldisfisks og möguleg viðbrögð. Fram kom að laxinn er í góðum holdum, fódurtaka með besta móti og afföll nánast engin. Nokkur merki voru um lúsasmit á kvið og ofanverðri stirtlu. Einnig sáu nokkrir fiskar með roða við gotrauf, sem þó bendir frekar til ertingar af völdum t.d. þörunga. Svokölluð slúsapilsö eru um kvíarnar á Steinanesi, en þau veita þó ekki fulla vörn gegn smiti. Hrognkelsi hafa ekki verið prófuð við Steinanes, líkt og á nágrennastaðsetningunni við Haganes. Magn lúsar við síðustu talningu er ekki mikið, eða í kringum 0,5-1 kynþroska kvenlús per fisk (hæsta meðalgildi í kví í lok ágúst var 1,3). Við talninguna mátti greina nýsmit með smáum fastsitjandi þroskastigum lúsarinnar á nokkrum fiskum. Ekki er útilokað að lúsin nái að fjölga sér enn meira í haust, en nú er hitastig sjávar tæpar 10°C. Við Steinanes er nú stundað laxeldi í 10 sjókvíum og æskilegt að lúsin nái ekki að fjölga sér um of inn í veturinn. Slátrun mun að öllum líkindum hefjast fyrir áramót og standa fram eftir næsta ári. Skýrsluhöfundur taldi út frá aðstæðum álitlegt að fyrirbyggja og koma í veg fyrir frekara lúsasmit með ofangreindu Slice-fóðri. Hann staðfesti einnig að vöktun á fóðrun í stjórnstöð sé öflug með myndavélum í öllum kvíum.

Málefnið var reifað ítarlega í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í Arnarfirði. Margir líffræðilegir þættir koma við sögu og ljóst að huga þarf að fjölmörgum atriðum áður en ráðist er í lyfjameðhöndlun. Þau atriði sem einna helst eru talin þörf á að gaumgæfa eru árstími og hitafar sjávar, stærð og fjöldi eldislaxa, nánasta lífríki og vistkerfi fjarðanna, dýravelferð, heilbrigðisstaða og ástand fisksins almennt. Þá ber einnig að hafa í huga þá möguleika sem bjóðast á formi lyfjalausra aðferða til að fyrirbyggja eða draga úr lúsasmiti. Í lok umræðna komst fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að mæla með því við Matvælastofnun að heimila umbeðna lyfjameðhöndlun að Steinanesi í Arnarfirði. Í umræðum kom fram að fundarmenn telja æskilegt að eldisfyrirtæki sýni meira frumkvæði og sterkari vilja til að nýta sér

lyfjalausar og fyrirbyggjandi aðferðir í baráttunni við laxalúsina. Í þessu samhengi voru hrognkelsi m.a. nefnd og leiða má að því líkum að nærvera slíkra lúsaétandi hreinsifiska geti komið að notum við þær aðstæður sem til staðar eru í Arnarfirði.

3. Önnur mál:

⇒ Eftirlitsdýralæknir fisksjúkdóma kom með þá tillögu hvort ekki væri æskilegt að nefndarmenn tækju sér tíma til að heimsækja sjókvíaeldisstöð á borð við Arnarlax og tóku fundarmenn jákvætt í þá hugmynd. Í því sambandi kom fram að nefndin gæti kynnt störf sín og efnt til fræðslu um vandmál á borð við laxalús og nýrnaveiki.

⇒ Einnig var rætt hvort nefndin ætti að eiga frumkvæði að því að efna til formlegra samskipta við Landssamband veiðifélaga. Með samtali aðila megi betur upplýsa og skýra verkefni og hlutverk stofnana og eftirlitsaðila. Ákveðið að Matvælastofnun skyldi kanna vilja til slíkra samskipta.

4. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14⁵⁰.

Næsti fundur ekki ákveðinn, en verður boðaður eftir því sem þörf verður á.

Virðingarfyllst;

Gisli Jónsson